Viðauki D
Lagagrein 31

Verkferli eftir að sögn er gefin utan réttrar raðar og hún er ekki samþykkt



Lagagrein 26 tekur gildi.

- Ef sögnin sem tekin var til baka vísar til ákveðins litar, og liturinn var áður tilgreindur í sögnum hins brotlega, þá tekur **lagagrein 26A1** gildi. Engin útspilsviðurlög, en **lagagrein 16D** gæti orðið virk.
- Ef sögnin sem tekin var til baka vísar til ákveðins litar, og sá litur hafði ekki áður verið tilgreindur í sögnum hins brotlega, þá tekur **lagagrein 26A2** gildi. Sagnhafi getur krafist eða bannað útspil í þeim lit, þegar makker hins brotlega á fyrst að spila út. Ef hann bannar útspilið, gildir það þar til hann missir útspilsréttinn.
- Varðandi sagnir sem vísa ekki til ákveðins litar, (t.d. Grand eða dobl), þá verður **lagagrein 26B** virk. Þegar makker hins brotlega skal spila fyrst út, getur sagnhafi valið lit eða bannað lit frá þeim varnarspilara, og gildir það þar til hann missir útspilsréttinn